

AUGLÝSING

um Evrópuráðssamning um samþætta nálgun varðandi öryggi og vernd og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum.

Hinn 6. desember 2022 var framkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings Evrópuráðsins um samþætta nálgun varðandi öryggi, vernd og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum sem gerður var í Saint Denis 3. júlí 2016. Samningurinn kemur í stað Evrópusamnings um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum knattspyrnuleikjum frá 19. ágúst 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1989, þar sem samningurinn er birtur.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart Íslandi 1. febrúar 2023 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 13. desember 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
EVRÓPURÁÐSINS UM SAMÞÆTTA NÁLGUN
VARÐANDI ÖRYGGI, VERND OG ÞJÓNUSTU
Á KNATTSPYRNULEIKJUM OG ÖÐRUM ÍÞRÓTTAVIÐBURÐUM

Formálsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu (SES nr. 18) sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkja sinna,

sem láta sig varða réttinn til líkamlegrar friðhelgi og lögmætar væntingar einstaklinga um að geta sótt knattspyrnuleiki og aðra íþróttaviðburði án þess að þurfa að óttast ofbeldi, óspektir eða aðra refsiverða háttsemi,

sem láta sig það varða að knattspyrnuleikir og aðrir íþróttaviðburðir séu ánægjulegir og að þar sé vel tekið á móti öllum borgurum, um leið og þau gera sér grein fyrir því að það að skapa vinalagt umhverfi getur haft umtalsverð jákvæð áhrif á öryggi og vernd á slíkum viðburðum,

sem láta sig varða nauðsyn þess að allir hagsmunaaðilar taki þátt í að skapa öruggt umhverfi á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum,

sem láta sig varða nauðsyn þess að halda uppi lögum og reglu á og í nágrenni við knattspyrnu- og aðra íþróttaleikvanga, á samgönguleiðum til og frá leikvöngunum og á öðrum þeim svæðum þar sem þúsundir áhorfenda koma saman,

gera sér grein fyrir að íþróttahéimurinn, og allir aðilar og hagsmunaaðilar sem koma að skipulagningu og umsjón knattspyrnuleikja eða annarra íþróttaviðburða, verða að hafa grunngildi Evrópuráðsins í heiðri, s.s. félagslega samheldni, umburðarlyndi, virðingu og bann við mismunun,

sem gera sér grein fyrir að munur er á stjórnskipan, réttarkerfi, menningu og sögu ríkja, sem og á eðli og alvarleika vandamála sem varða öryggi og vernd tengd knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum,

sem gera sér grein fyrir að taka þarf fullt tillit til innlendrar og alþjóðlegrar löggjafar í málefnum sem varða t.d. persónuvernd, endurhæfingu brotamanna og mannréttindi,

sem gera sér grein fyrir að breiður hópur opinberra aðila, einkaaðila og annarra hagsmunaaðila, þ.m.t. áhorfendur, eiga sér það sameiginlega markmið að tryggja vernd og öryggi og vinalagt andrúmsloft fyrir einstaklinga á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum, og gera sér grein fyrir að aðgerðir þeirra til samans muni óhjákvæmilega fela í sér ýmiss konar ráðstafanir sem eru samtengdar og skarast,

sem gera sér grein fyrir að þar eð þessar ráðstafanir skarast er nauðsynlegt að viðkomandi aðilar þrói árangursríkt alþjóðlegt, landsbundið og staðbundið samstarf í því skyni að undirbúa og setja fram samþætta nálgun margra aðila sem einkennist af jafnvægi varðandi öryggi, vernd og þjónustu í tengslum við knattspyrnuleiki og aðra íþróttaviðburði,

sem gera sér grein fyrir að atburðir utan íþróttaleikvanga geta haft bein áhrif á viðburði innan leikvanga og öfugt,

sem gera sér grein fyrir að samráð við helstu hagsmunaaðila, einkum stuðningsmenn og nærsamfélög, getur orðið viðkomandi aðilum að liði við að draga úr áhættu gagnvart öryggi og vernd og við að skapa vinalagt andrúmsloft innan og utan leikvanga,

sem eru ákveðin að gera sameiginlegar ráðstafanir í samvinnu til að draga úr áhættu varðandi öryggi og vernd á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum til þess að upplifun áhorfenda, þátttakenda og nærsamfélaga verði ánægjuleg,

sem byggja á efni Evrópusamningsins um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum (SES nr. 120) sem lagður var fram til undirritunar í Strassborg 19. ágúst 1985 (hér á eftir nefndur „samningur nr. 120“),

sem taka tillit til þess að umfangsmikil reynsla og góðar starfsvenjur í Evrópu hafa leitt til þróunar á nýrri, samþættri samstarfsnálgun varðandi öryggi og vernd áhorfenda sem endurspeglast einkum í tilmælunum um öryggi, vernd og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum, Rec (2015) 1, sem fastanefnd samningsins nr. 120 samþykkti á 40. fundi sínum 18. júní 2015,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Gildissvið.

1. Samningsaðilarnir skulu, innan þeirra marka sem ákvæði stjórnarskrár hvers um sig setja, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í framkvæmd ákvæðum þessa samnings að því er varðar knattspyrnuleiki eða mót sem knattspyrnufélög atvinnumanna og landslið leika á yfirráðasvæðum þeirra.
2. Samningsaðilunum er heimilt að beita ákvæðum þessa samnings um aðrar íþróttir eða íþróttaviðburði sem haldnir eru á yfirráðasvæðum þeirra, þ.m.t. knattspyrnuleiki áhugamanna, einkum við aðstæður þar sem öryggi eða vernd er ógnað.

2. gr.

Markmið.

Markmiðið með þessum samningi er að skapa á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum vinalagt umhverfi þar sem vernd og öryggi eru tryggð. Í því skyni skulu samningsaðilar:

- a. samþykkja samþætta nálgun margra aðila sem einkennist af jafnvægi varðandi öryggi, vernd og þjónustu, sem byggist á hugmyndafræði árangursríks staðbundins, landsbundins og alþjóðlegs samstarfs og samvinnu,
- b. tryggja að allir opinberir aðilar, einkaaðilar og aðrir hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir að ekki er hægt að líta á öryggi, vernd og veitingu þjónustu sem aðskilda þætti og að hver þeirra geti haft bein áhrif á hina tvo þættina,
- c. hafa hliðsjón af góðum starfsvenjum við þróun samþættrar nálgunar varðandi öryggi, vernd og þjónustu.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. „öryggisráðstafanir“: sérhver ráðstöfun sem skipulögð er og framkvæmd með það að meginmarkmiði að vernda heilsu og velferð einstaklinga og hópa sem sækja eða taka þátt í knattspyrnuleik eða öðrum íþróttaviðburði, innan sem utan leikvangs, eða sem búa eða starfa í nágrenni viðburðarins,
- b. „verndarráðstafanir“: sérhver ráðstöfun sem skipulögð er og framkvæmd með það að meginmarkmiði að fyrirbyggja, draga úr hættu á og/eða bregðast við ofbeldi eða annarri refsiverðri háttsemi eða óspektum sem eiga sér stað í tengslum við knattspyrnuleik eða annan íþróttaviðburð, innan eða utan leikvangs,
- c. „þjónusturáðstafanir“: sérhver ráðstöfun sem skipulögð er og framkvæmd með það að meginmarkmiði að láta einstaklingum og hópum líða vel, finnast þeir metnir að verðleikum og velkomnir, innan sem utan leikvangs, þegar þeir sækja knattspyrnuleik eða annan íþróttaviðburð,
- d. „aðili“: opinber aðili eða einkaaðili sem ber stjórnskipulega eða lagalega ábyrgð, ábyrgð á reglusetningu eða aðra ábyrgð að því er varðar undirbúning og framkvæmd hvers konar öryggis-, verndar- eða þjónusturáðstafana, innan eða utan leikvangs, í tengslum við knattspyrnuleik eða annan íþróttaviðburð,

- e. „hagsmunaaðili“: áhorfendur, nærsamfélög eða aðrir hagsmunaaðilar sem bera ekki lagalega ábyrgð eða ábyrgð á reglusetningu en geta gegnt mikilvægu hlutverki við að stuðla að vernd, öryggi og vinalegu andrúmslofti innan sem utan leikvanga, á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum,
- f. „sambætt nálgun“: viðurkenning á því að, óháð megintilgangi þeirra þá skarast öryggis-, verndar- og þjónusturáðstafanir á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum óháð kvæmilega, þær eru innbyrðis tengdar að því er varðar áhrif, þurfa að vera í jafnvægi og þær er ekki hægt að skipuleggja og framkvæma sem aðskilda þætti,
- g. „sambætt nálgun margra aðila“: viðurkenning á því að hlutverk og aðgerðir hvers aðila sem tekur þátt í skipulagningu og rekstri knattspyrnu eða annarra íþróttanna þurfi að vera samræmd, koma hvert öðru til fyllingar, vera hófleg og vera skipulögð og framkvæmd sem hluti af heildstæðri stefnuáætlun á sviði öryggis, verndar og þjónustu,
- h. „góðar starfsvenjur“: ráðstafanir sem gerðar eru í einu eða fleiri löndum og sem sýnt hefur verið fram á að séu mjög árangursríkar til að ná settu marki eða markmiði,
- i. „viðkomandi aðili“: aðili (opinber aðili eða einkaaðili) sem tekur þátt í skipulagningu og/eða umsjón knattspyrnuleiks eða annars íþróttaviðburðar sem haldinn er innan eða utan íþróttaleikvangs.

4. gr.

Fyrirkomulag samræmingar innanlands.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að komið sé á fót landsbundnu og staðbundnu samræmingarfyrirkomulagi í því skyni að þróa og koma til framkvæmda sambættri nálgun margra aðila varðandi öryggi, vernd og þjónustu á lands- og staðarvísu.
2. Samningsaðilarnir skulu tryggja að komið sé á fót samræmingarfyrirkomulagi til að bera kennsl á, greina og meta áhættu sem varðar öryggi, vernd og þjónustu og til að gera kleift að miðla uppfærðum upplýsingum um áhættumat.
3. Samningsaðilar skulu tryggja að samræmingarfyrirkomulagið taki til allra helstu opinberra aðila og einkaaðila sem eru ábyrgir fyrir öryggis-, verndar- og þjónustumálum sem tengjast viðburðinum, bæði innan og utan þess vettvangs þar sem viðburðurinn fer fram.
4. Samningsaðilar skulu tryggja að samræmingarfyrirkomulagið taki að fullu tillit til þeirra meginreglna um öryggi, vernd og þjónustu sem settar eru fram í þessum samningi og að landsbundnar og staðbundnar stefnuáætlanir séu þróaðar, reglulega metnar og betrumbættar í ljósi landsbundinnar og alþjóðlegrar reynslu og góðra starfsvenja.
5. Samningsaðilar skulu tryggja að hlutverk og skyldur hvers og eins viðkomandi aðila séu skýrð í landsbundnum laga-, reglu- eða stjórnsýslurömmum og að þessi hlutverk komi hvert öðru til fyllingar, séu í samræmi við sambætta nálgun og almennt viðurkennd á skipulags- og rekstrarstigi.

5. gr.

Öryggi, vernd og þjónusta á íþróttaleikvöngum.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að samkvæmt landsbundnum laga-, reglu- eða stjórnsýslurömmum sé þess krafist að skipuleggjendur viðburða, í samráði við alla samstarfsaðila, sjái öllum þátttakendum og áhorfendum fyrir umhverfi þar sem vernd og öryggi eru tryggð.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að lögbær opinber yfirvöld setji reglur eða geri ráðstafanir sem tryggja skilvirkni varðandi leyfisveitingar til leikvanga, fyrirkomulag varðandi vottanir og almennar öryggisreglur og tryggi beitingu þeirra, eftirlit og framfylgd.
3. Samningsaðilar skulu krefjast þess að viðkomandi aðilar tryggi að hönnun leikvanga, innviðir og tengdar ráðstafanir varðandi mannfjöldastjórnun séu í samræmi við landsbundna og alþjóðlega staðla og góðar starfsvenjur.
4. Samningsaðilar skulu hvetja viðkomandi aðila til að tryggja að á leikvöngum sé boðið upp á vinalegt umhverfi fyrir alla hópa samfélagsins, þ.m.t. börn, eldri borgara og fatlað fólk, og þar sé sérstaklega séð fyrir viðeigandi hreinlætis- og veitingaaðstöðu og að áhorfsskilyrði séu góð fyrir alla áhorfendur.

5. Samningsaðilar skulu tryggja að rekstrarfyrirkomulag leikvanga sé heildstætt, sjá til þess að virkt samstarf sé við lögreglu, neyðarþjónustu og samstarfsaðila og taka upp skýra stefnu og verklag varðandi mál sem geta haft áhrif á mannfjöldastjórnun og tengda áhættu varðandi öryggi og vernd, einkum:
 - notkun á flugeldavörum,
 - ofbeldishegðun eða aðra hegðun sem er bönnuð eða
 - kynþáttafordóma eða aðra hegðun sem felur í sér mismunun.
6. Samningsaðilar skulu krefjast þess að viðkomandi aðilar tryggi að allt starfsfólk, bæði á vegum hins opinbera og úr einkageiranum, sem kemur að því að tryggja vernd, öryggi og vinalegt andrúmsloft á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum hafi þann búnað og þá þjálfun sem þarf til að geta sinnt hlutverki sínu með skilvirkum og viðeigandi hætti.
7. Samningsaðilar skulu hvetja lögbæra aðila sína til að leggja á það áherslu að framkoma leikmanna, þjálfara eða annarra fulltrúa þeirra liða sem taka þátt, samræmist helstu gildum íþróttá, s.s. umburðarlyndi, virðingu og háttvísi, og að þeir geri sér grein fyrir að það að sýna af sér ofbeldi, kynþáttafordóma eða aðra ögrandi framkomu geti haft neikvæð áhrif á hegðun áhorfenda.

6. gr.

Öryggi, vernd og þjónusta á opinberum stöðum.

1. Samningsaðilar skulu hvetja alla aðila og hagsmunaaðila sem koma að skipulagningu knattspyrnuleikja og annarra íþróttaviðburða á opinberum svæðum, þ.m.t. stjórnvöld sveitarfélaga, lögreglu, nærsamfélög og fyrirtæki á staðnum, fulltrúa stuðningsmanna, knattspyrnufélög og landssamtök, til að starfa saman, einkum að því er varðar:
 - a. að meta áhættu og að undirbúa viðeigandi forvarnarráðstafanir sem ætlað er að lágmarka röskun og byggja upp traust hjá nærsamfélaginu og fyrirtækjum á staðnum, einkum í nágrenni staðarins þar sem viðburðurinn á sér stað eða í nágrenni opinna áhorfendasvæða,
 - b. að skapa vinalegt umhverfi þar sem vernd og öryggi eru tryggð á opinberum svæðum sem ætluð eru fyrir stuðningsmenn til að hittast fyrir og eftir viðburði eða á stöðum sem búast má við að stuðningsmenn sæki að eigin frumkvæði og á samgönguleiðum til og frá borginni og/eða til og frá leikvanginum.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að áhættumat og öryggis- og verndarráðstafanir taki tillit til ferða til og frá leikvangnum.

7. gr.

Gerð viðbragðs- og neyðaráætlana.

Samningsaðilar skulu tryggja að útbúnar séu viðbragðs- og neyðaráætlanir margra aðila og að þær séu prófaðar og betrubættar á reglulegum sameiginlegum æfingum. Í landsbundnum laga-, reglu- eða stjórnsýslurömmum skal vera skýrt hvaða aðili ber ábyrgð á að hefja, hafa umsjón með og votta æfingarnar.

8. gr.

Samskipti við stuðningsmenn og nærsamfélög.

1. Samningsaðilar skulu hvetja alla aðila til að þróa og fylgja stefnu um forvirk og regluleg samskipti við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. fulltrúa stuðningsmanna og nærsamfélög, á grundvelli meginreglunnar um skoðanaskipti og með það að markmiði að skapa samstarfsanda og stuðla að jákvæðri samvinnu, sem og að finna lausnir á hugsanlegum vandamálum.
2. Samningsaðilar skulu hvetja alla opinbera aðila, einkaaðila og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. stjórnvöld sveitarfélaga og fulltrúa stuðningsmanna, til að stofna til eða taka þátt í félagslegum verkefnum, fræðsluverkefnum, forvarnarverkefnum gegn afbrotum og öðrum samfélagsverkefnum margra aðila sem miða að því að stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi, einkum meðal stuðningsmanna, íþróttafélaga og -samtaka, sem og aðila sem bera ábyrgð á öryggi og vernd.

9. gr.

Aðferðir og aðgerðir lögreglu.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að löggæsluaðferðir séu þróaðar, reglulega metnar og betrubættar í ljósi innlendrar og alþjóðlegrar reynslu og góðra starfsvenja og að þær samræmist viðtækari, samþættri nálgun varðandi öryggi, vernd og þjónustu.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að löggæsluaðferðir taki mið af góðum starfsvenjum, einkum að því er varðar upplýsingaöflun, samfellt áhættumat, áhættumiðaða stjórnun, hlutfallslega íhlutun til að koma í veg fyrir að áhætta eða óspektir stigmagnist, skilvirk skoðanaskipti við stuðningsmenn og samfélagið almennt og öflun sönnunargagna um refsiverða háttsemi sem og miðlun slíkra gagna til lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á saksókn.
3. Samningsaðilar skulu tryggja að lögreglan vinni í samstarfi við skipuleggjendur, stuðningsmenn, nærsamfélög og aðra hagsmunaaðila að því að tryggja öryggi, vernd og vinalegt andrúmsloft fyrir alla hlutaðeigandi á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum.

10. gr.

Forvarnir gegn og viðurlög við brotlegri hegðun.

1. Samningsaðilar skulu leita allra tiltækra ráða til að draga úr hættu á að einstaklingar eða hópar taki þátt í eða skipuleggi ofbeldi eða óspektir.
2. Samningsaðilar skulu, í samræmi við landslög og alþjóðalög, tryggja að til staðar séu skilvirkar útilokunarráðstafanir, sem henta eðli og staðsetningu áhættunnar, til að hindra og koma í veg fyrir ofbeldi eða óspektir.
3. Samningsaðilar skulu, í samræmi við landslög og alþjóðalög, vinna saman að því að leitast við að tryggja að einstaklingar sem fremja brot erlendis sæti viðeigandi viðurlögum, annað hvort í því landi þar sem brotið er framið eða í landinu þar sem viðkomandi er búsettur eða hefur ríkisborgararétt.
4. Samningsaðilar skulu, eftir því sem við á og í samræmi við landslög og alþjóðalög, íhuga að veita dómsyfirvöldum eða stjórnvöldum, sem ábyrgð bera á því að leggja viðurlög á einstaklinga sem hafa valdið eða stuðlað að ofbeldi og/eða óspektum tengdum knattspyrnu, heimild til að setja takmarkanir á ferðalög á knattspyrnuviðburði sem haldnir eru í öðru landi.

11. gr.

Alþjóðleg samvinna.

1. Samningsaðilar skulu eiga í nánun samstarfi um öll mál sem falla undir þennan samning og tengd mál með það fyrir augum að hámarka samstarf varðandi alþjóðlega viðburði, skiptast á reynslu og taka þátt í að þróa góðar starfsvenjur.
2. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um gildandi ákvæði landslaga, einkum skiptingu valdheimilda milli hinna ýmsu stofnana og yfirvalda, koma á fót eða tilnefna landsbundinn tengilið fyrir upplýsingar um knattspyrnu (NFIP) innan lögreglunnar. Landsbundni tengiliðurinn fyrir upplýsingar um knattspyrnu skal:
 - a. vera eini beini tengiliðurinn fyrir skipti á almennum upplýsingum (er varða skipulag, aðgerðir og úrlausnir á vettvangi) í tengslum við alþjóðlega knattspyrnuleiki,
 - b. skiptast á persónuupplýsingum í samræmi við gildandi innlendar og alþjóðlegar reglur,
 - c. greiða fyrir, samræma eða skipuleggja framkvæmd alþjóðlegrar lögreglusamvinnu í tengslum við alþjóðlega knattspyrnuleiki,
 - d. vera fær um að framkvæma þau verkefni sem honum eru falin með skilvirkum hætti og tafarlaust.
3. Samningsaðilar skulu enn fremur tryggja að landsbundni tengiliðurinn fyrir upplýsingar um knattspyrnu búi yfir landsbundinni sérþekkingu að því er varðar aðgerðir lögreglu á knattspyrnuleikjum, stuðningsmannahópin og tengda áhættu varðandi öryggi og vernd.
4. Hvert samningsríki skal tilkynna nefndinni um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum (e. Committee on Safety and Security at Sports Events), sem komið er á fót með þessum samningi, skriflega um

nafn og samskiptaupplýsingar landsbundins tengiliðar síns fyrir upplýsingar um knattspyrnu og allar síðari breytingar á þeim upplýsingum.

5. Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf á alþjóðavísu að því er varðar að miðla góðum starfsvenjum og upplýsingum um forvarnar-, fræðslu- og upplýsingaverkefni og að koma á samstarfi við alla aðila sem taka þátt í framkvæmd landsbundinna og staðbundinna framtaksverkefna sem beinast að eða eru knúin áfram af nærsamfélaginu og stuðningsmönnum.

Málsmeðferðarákvæði.

12. gr.

Miðlun upplýsinga.

Sérhver samningsaðili skal senda nefndinni um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum, á einu opinberra tungumála Evrópuráðsins, allar upplýsingar sem máli skipta varðandi lagaákvæði og aðrar ráðstafanir sem hann samþykkir í því skyni að uppfylla skilmála samnings þessa, hvort sem þau eiga við um knattspyrnu eða aðrar íþróttir.

13. gr.

Nefnd um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum.

1. Að því er samning þennan varðar er nefndinni um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum hér með komið á fót.
2. Sérhver aðili að þessum samningi getur átt einn eða fleiri fulltrúa í nefndinni sem eru fulltrúar leiðandi opinberra stofnana, helst þeirra sem bera ábyrgð á öryggi og vernd í íþróttum, auk landsbundna tengiliðarins fyrir upplýsingar um knattspyrnu. Sérhver aðili að þessum samningi skal fara með eitt atkvæði.
3. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins eða annað aðildarríki menningarsáttmála Evrópu, sem ekki er aðili að samningi þessum, sem og hvert það ríki sem ekki er aðildarríki en er aðili að samningi nr. 120, getur átt áheyrnarfulltrúa í nefndinni.
4. Með einróma ákvörðun getur nefndin boðið sérhverju ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu eða að þessum samningi eða samningi nr. 120 og hvaða samtökum sem áhuga hafa á að eiga fulltrúa, að hafa áheyrnarfulltrúa á einum eða fleiri fundum hennar.
5. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal boða til funda nefndarinnar. Halda skal fyrsta fund hennar innan árs frá því að tíu aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykkt því að vera bundin af samningnum. Eftir fyrsta fund sinn skal nefndin koma saman a.m.k. árlega. Auk þess skal hún halda fundi hvenær sem meirihluti samningsaðilanna fer þess á leit.
6. Meirihluti samningsaðila skal vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi funda nefndarinnar.
7. Nefndin skal, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, taka saman og samþykkja samhljóða eigin starfsreglur.

14. gr.

Starfssvið nefndarinnar um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum.

1. Nefndin skal fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Hún getur, einkum:
 - a. fylgst með ákvæðum samnings þessa og tekið til skoðunar hvers kyns nauðsynlegar breytingar,
 - b. átt viðræður við og, eftir því sem við á, skipst á upplýsingum við viðeigandi samtök,
 - c. beint tilmælum til aðila að samningi þessum að því er varðar ráðstafanir sem gera ætti varðandi framkvæmd hans,
 - d. gert tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að halda almenningi upplýstum um starfsemina sem fram fer samkvæmt samningi þessum,
 - e. lagt tillögur fyrir ráðherranefndina um að bjóða ríkjum, sem ekki eru aðildarríki Evrópuráðsins, að gerast aðilar að samningi þessum,
 - f. lagt fram hvers kyns tillögur til að bæta skilvirkni samnings þessa,
 - g. auðveldað öflun, greiningu og skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum milli ríkja.

2. Nefndin skal, með fyrirframsamþykki viðkomandi samningsaðila, fylgjast með því að samningi þessum sé fylgt með heimsóknnum til aðildarríkjanna með það fyrir augum að veita ráðgjöf og stuðning við framkvæmd samnings þessa.
3. Nefndin skal einnig safna saman þeim upplýsingum sem aðildarríkin veita samkvæmt 12. gr. og senda öllum ríkjum sem aðild eiga að samningnum viðeigandi gögn. Einkum getur hún upplýst hvert aðildarríki um tilnefningu nýs landsbundins tengiliðar fyrir upplýsingar um knattspyrnu og dreift samskiptaupplýsingum hans.
4. Til þess að geta sinnt störfum sínum er nefndinni heimilt, að eigin frumkvæði, að skipuleggja fundi sérfræðingahópa.

15. gr.

Breytingar.

1. Samningsaðili, nefndin um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum eða ráðherranefnd Evrópuráðsins getur lagt fram tillögur til breytinga á samningi þessum.
2. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, öðrum ríkjum sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu, hverju því ríki sem ekki er aðildarríki Evrópuráðsins en sem gerst hefur aðili að samningi nr. 120 áður en samningur þessi var lagður fram til undirritunar og hverju því ríki sem ekki er aðildarríki Evrópuráðsins en sem gerst hefur aðili að samningi þessum eða verið boðin aðild að honum í samræmi við ákvæði 18. greinar, um allar breytingar-tillögur.
3. Sérhverja tillögu um breytingu frá samningsaðila eða ráðherranefndinni skal senda nefndinni a.m.k. tveimur mánuðum fyrir fundinn sem tekur þær fyrir. Nefndin skal leggja álit sitt á breytingartillögunni fyrir ráðherranefndina.
4. Ráðherranefndin skal fjalla um þá breytingu sem lögð er til og um það álit sem nefndin sendir og getur samþykkt breytinguna með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. í stofnskrá Evrópuráðsins.
5. Texti hvernar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, skal framsendur samningsaðilunum til staðfestingar samkvæmt innlendri málsmeðferð hvers um sig.
6. Hver sú breyting sem er samþykkt skv. 4. mgr. þessarar greinar skal taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá því að allir samningsaðilar hafa skýrt framkvæmdastjóranum frá því að þeir hafi staðfest hana.

Lokaákvæði.

16. gr.

Undirritun.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu og ríki sem ekki eru aðildarríki Evrópuráðsins en sem gerst hafa aðilar að Evrópusamningnum um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum (SES nr. 120), sem lagður var fram til undirritunar í Strassborg 19. ágúst 1985, áður en samningur þessi var lagður fram til undirritunar.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu og samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
3. Ekkert ríki sem aðild á að samningi nr. 120 má afhenda skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki nema það hafi þegar sagt upp fyrrnefndum samningi eða segi honum upp um leið.
4. Samningsríki getur, þegar það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu í samræmi við málsgreinina hér að framan, lýst því yfir að það muni halda áfram að beita samningi nr. 120 þar til samningur þessi tekur gildi í samræmi við ákvæði 1. mgr. 17. gr.

17. gr.

Gildistaka.

1. Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykkt því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 16. gr.
2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarriki, sem síðar lýsir yfir samþykki sínu þess efnis að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

18. gr.

Aðild ríkja sem ekki eru aðildarríki Evrópuráðsins.

1. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherra nefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsaðilana, boðið sérhverju því ríki sem ekki er aðildarríki Evrópuráðsins að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem eiga rétt til setu í ráðherra nefndinni.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að honum fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar skjal þess um aðild er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
3. Samningsaðili, sem á ekki aðild að Evrópuráðinu, skal leggja sitt af mörkum til þess að fjármagna nefndina um öryggi og vernd á íþróttaviðburðum með þeim hætti sem ráðherra nefndin mun ákveða.

19. gr.

Áhrif samningsins.

1. Í samskiptum aðila að þessum samningi og aðila að samningi nr. 120 sem hefur ekki fullgilt samning þennan skulu ákvæði 4. og 5. gr. samnings nr. 120 gilda áfram.
2. Hafí ríki sagt upp samningi nr. 120 eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi en slík uppsögn hefur enn ekki tekið gildi við fullgildingu þessa samnings, skal samningur þessi gilda í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr.

20. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau yferráðasvæði sem samningur þessi skal taka til.
2. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, látið samning þennan taka til sérhvers annars yferráðasvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi, að því er fyrrnefnt yferráðasvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.
3. Heimilt er að afturkalla hverja yfirlýsingu, sem gefin er út samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það yferráðasvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til framkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

21. gr.

Uppsögn.

1. Hver samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

22. gr.

Tilkynningar.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, öðrum ríkjum sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu og hverju því ríki sem hefur gerst aðili að samningi þessum, um:

- a. sérhverja undirritun í samræmi við 16. gr.,
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu í samræmi við 16. eða 18. gr.,
- c. hvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við 17. og 18. gr.,
- d. sérhverja breytingartillögu eða breytingu sem samþykkt er í samræmi við 15. gr. og dagsetninguna þegar breytingin öðlast gildi,
- e. sérhverja yfirlýsingu sem lögð er fram skv. 20. gr.,
- f. sérhverja uppsögn sem lögð er fram í samræmi við ákvæði 21. gr.,
- g. sérhvern annan gerning, yfirlýsingu, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Saint-Denis 3. júlí 2016 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit hverju aðildarríki Evrópuráðsins, hverju ríki sem er aðili að menningarsáttmála Evrópu og hverju því ríki sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum.

COUNCIL OF EUROPE CONVENTION
ON AN INTEGRATED SAFETY, SECURITY AND SERVICE
APPROACH AT FOOTBALL MATCHES AND OTHER SPORTS EVENTS

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States Parties to the European Cultural Convention (ETS No. 18), signatories hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity among its members;

Concerned with the right to physical integrity and the legitimate expectation of individuals to attend football matches and other sports events without fear of violence, public disorder or other criminal activity;

Concerned to make football matches and other sports events enjoyable and welcoming for all citizens while also recognising that creating a welcoming environment can have a significant and positive impact on safety and security at such events;

Concerned with the need to promote the inclusion of all stakeholders in providing a safe environment at football matches and other sports events;

Concerned with the need to maintain the rule of law in and within the vicinity of football and other sports stadiums, on transit routes to and from the stadiums and in other areas frequented by many thousands of spectators;

Recognising that sport, and all agencies and stakeholders involved in organising and managing a football match or other sports event, must uphold core values of the Council of Europe, such as social cohesion, tolerance, respect and non-discrimination;

Recognising variations among States regarding their constitutional, judicial, cultural and historical circumstances, and the character and severity of safety and security problems associated with football matches and other sports events;

Recognising the need to take full account of national and international legislation on matters such as data protection, rehabilitation of offenders and human rights;

